

Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins byggist á einingu samtakanna.
Fyrsta erfðavenjan

Al-Anon/Alateen literature.....
Conference Approved Literature.....
CAL¹

Hvað er eiginlega átt við?

Hvað er „ráðstefnusamþykkt lesefni“ (CAL)?

Alþjóðþjónusturáðstefna Al-Anon (WSC²) sem var komið á fót árið 1961, þróaði ákveðið ferli til að tryggja að lesefni Al-Anon endurspegli í raun sýn og stefnumið samtakanna. Lesefni sem ber merkið



Samþykkt af
Alþjóðþjónusturáðstefnu
Al-Anon fjölskyldudeilda

hefur verið ákvarðað sem „ráðstefnusamþykkt lesefni“ (CAL) af Alþjóðþjónusturáðstefnunni (WSC) og hefur farið í gegnum nákvæmt skoðunarferli. Það hefur líka verið skoðað með tilliti til erfðavenja og meginreglna AL-Anon. Lesefni sem ber þetta merki hefur verið skrifað af Al-Anon félögum, samþykkt af Al-Anon félögum, er fyrir Al-Anon félag og er skrifað frá sjónarhorni Al-Anon samtakanna.

Hvers vegna þarf „ráðstefnusamþykkt lesefni“?

Í árdaga Al-Anon, áður en Alþjóðþjónusturáðstefnan (WSC) var komið á fót skrifuðu margar deildir sitt eigið lesefni og dreifðu. Sumt af þessu efni endurspegladi sjónarmið Al-Anon, annað gerði það ekki. AA lesefni var meðal annars notað á Al-Anon fundum á fimmta áratugnum. Á Alþjóðþjónusturáðstefnu Al-Anon (WSC) árin 1962 og 1965 var einróma samþykkt að þaðan í frá yrði eingöngu notað ráðstefnusamþykkt lesefni Al-Anon. Það styrkir einingu Al-Anon og tryggir að Al-Anon boðskapurinn verði skýr og sjálfum sér samkvæmur.

¹ Sú skammstöfun sem er ávallt notuð í Al-Anon bókum á enskri tungu um ráðstefnusamþykkt lesefni.

² Al-Anon's World Service Conference er skammstöfuð WSC

Af hverju notum við ekki „utanaðkomandi“ lesefni á fundum okkar?

„Utanaðkomandi“ lesefni getur eða getur ekki lýst boðskap Al-Anon. Notkun á öðru lesefni á fundunum okkar getur leitt til klofnings og haft áhrif á einingu deildarinnar okkar, það getur sérstaklega ruglað nýliðann í ríminu. Félögum er alltaf frjálst að lesa og fræðast um hvaðeina utan funda. Al-Anon tekur enga afstöðu með eða á móti utanaðkomandi efni. Þegar við notum eingöngu Al-Anon lesefni á fundum tryggjum við framgang samtakanna, að Al-Anon haldi áfram að vera Al-Anon. Al-Anon félagar geta gengið að því vísu hvert sem þeir fara í heiminum að boðskapur Al-Anon um von og hjálp verði til staðar.

Hvernig er „ráðstefnusamþykkt“ lesefni þróað og hvernig verður það „ráðstefnusamþykkt“?

- Í dag þegar hugmynd að ákveðnu lesefni kemur fram frá félögum í Al-Anon er hún lögð fyrir Alþjóðþjónusturáðstefnu Al-Anon (WSC).
- Fyrirhugað lesefni verður að mæta þörf um lesefni sem ekki er til.
- Ráðstefnan fjallar um málið og ákveður hvort samþykki sé gefið til þess að þróun hins nýja lesefnis megi fara af stað.
- Þegar Alþjóðþjónusturáðstefnan hefur veitt samþykki sitt þá sér Alþjóðþjónustuskrifstofan (WSO³) um að skipuleggja verkefnið samkvæmt samþykktu ferli.
- Ákall er sent út til samtakanna um allan heim um að leggja fram efni.
- Rithöfundur/Ritstjóri (Al-Anon félagi) er ráðinn til þess að safna efninu saman í handrit.
- Bókmenntanefnd (20 Al-Anon félagar) yfirfer handritið á hverju stigi.
- Þegar nefndin er orðin ánægð, yfirfer teymi frá stefnumótunarnefnd og framkvæmdastjórn handritið til að sjá hvort það samræmist *erfðavenjum* og stefnu Al-Anon.
- Þegar verkinu er lokið er lagt í endanlega hönnun og útgáfu og lesefnið fær merki ráðstefnusamþykkt lesefnis.

³ World Service Office er skammstöfuð WSO

„Ráðstefnusamþykki“ lesefnis þýðir að þróun þess var samþykkt af ráðstefnunni, hefur farið í gegnum ferlið um ráðstefnusamþykkt lesefni og að Al-Anon landsþjónustufulltrúar a.m.k. tuttugu talsins auk stjórnarmanna og ráðstefnan hafi lagt blessun sína yfir lokaútgáfuna.

Í dag fer allt ráðstefnusamþykkt lesefni Al-Anon í gegnum þetta ferli. Mest allt lesefni okkar er þróað á þennan hátt. Fáeinir af fyrstu bæklingunum þóttu mæta þörf Al-Anon og fengu stimpil ráðstefnusamþykkt lesefnis (CAL) hjá ráðstefnunni. Af sjálfsagðri kurteisi kemur fram á þeim bæklingum hvaðan þeir eru ættaðir. Í dag erum við aðnjótandi yfirgripsmikillar vísu félaganna og ekki er lengur þörf á að utanaðkomandi lesefni sé ráðstefnusamþykkt.

Hvernig get ég lagt mitt af mörkum til ráðstefnusamþykkt lesefnis?

Þegar ákveðið er að hálfu Alþjóðþjónusturáðstefnunnar (WSC) að þróun á nýju lesefni fari af stað þá er öllum Al-Anon félögum boðið að leggja fram efni til skoðunar. Ef slíkt efni er ekki nýtt í lesefni þá gæti komið til greina að setja það í *The Forum*⁴. Öllum tillögum er svarað. Yfirgripsmikil handrit eða efni sem áður hafa verið gefin út koma ekki til greina sem ráðstefnusamþykkt lesefni. Til þess að lesefni okkar endurspegli reynslu, styrk og vonir hins breiða fjölda félaga okkar er nauðsynlegt að margir Al-Anon félagar deili reynslu sinni skriflega í öllum tegundum lesefnis okkar. Leiðbeiningar um skrifin eru til reiðu fyrir öll verk í þróun.

Hvað með *The Forum* og aðrar WSO útgáfur?

Tímarit Al-Anon samtakanna *The Forum* sem kemur út mánaðarlega er auðvitað líka ráðstefnusamþykkt lesefni. Þrátt fyrir að tímamörk komi stundum í veg fyrir að öllu samþykktarferlinu sé við komið, þá fer hver grein fyrir nefnd skipaðri sjálfboðaliðum úr röðum Al-Anon félaga. Tímaritið *The Forum* er ráðlagt lesefni fyrir Al-Anon fundi.

Meðal annarrar útgáfu Al-Anon sem ber ekki merki ráðstefnusamþykkt lesefnis má nefna fréttablöðin

⁴ Tímarit Al-Anon samtakanna í U.S.A.

(*Inside Al-Anon Xtra, Alateen Talk, Area Highlights, Al-Anon speaks out*), endurprentanir og leiðbeiningar fyrir þjónustuna eins og *Leiðarljósin*, þjónustutengdir bæklingar og almanntengslaefni. Þetta efni er samantekt úr reynslubanka Al-Anon félaga sem þeir hafa miðlað til Alþjóðþjónustuskristofu samtakanna (WSO) og er framleitt fyrir Al-Anon deildirnar. Það er yfirfarið af nefnd valinna félaga til þess að tryggja að það fylgi meginreglum Al-Anon. Félagar vilja ef til vill ekki nýta sér þetta efni sem fundarefni en það getur verið gagnlegt til að leysa mál innan deilda, til að kynna samtökin út á við og til þess að kynna ýmis málefni fyrir deildinni.

Að virða útgáfuréttinn

Öll útgáfa Al-Anon er bundin útgáfurétti og vernduð gegn afnotum annarra. Til þess að verja útgáfurétt okkar, leyfum við ekki afnot af neinum hluta lesefnis Al-Anon án skriflegs leyfis og þá aðeins stutta útdrætti. Slík afnot ættu alltaf að vera kennd við **Al-Anon Group Headquarters, Inc.** til viðurkenningar á útgáfurétti okkar.

Á sama hátt hafa aðalþjónustuskristofur Al-Anon í löndum utan Bandaríkjanna og Kanada útgáfurétt í sínum heimalöndum. Aðalþjónustuskristofa (GSO)⁵ viðkomandi lands þarf fyrst að fá leyfi til að þýða og gefa út lesefni frá Alþjóðþjónustuskristofunni (WSO) með þeim skilyrðum að þýðingin endurspegli nákvæmlega innihald frumtextans.

Rafrænar Al-Anon fundir þurfa að fá leyfi til þess að nota ráðstefnusamþykkt lesefni á opnum vefsíðum. Leiðarljós fyrir gerð útdratta og endurprentunar er fáanlegt frá Alþjóðþjónustuskristofunni (WSO).

Varðandi frekari upplýsingar um ráðstefnusamþykkt lesefni er gott að ráðfæra sig við *AlAnon/Alateen Service Manual* (bls. 24-27)

Hægt er að panta bæði íslenskt og enskt lesefni samtakanna í póströfu!

Ef frekari upplýsinga eða lesefnislista er óskað er hægt að skrifa, hringja eða hafa samband um veraldarvefinn við skrifstofu samtakanna:

Aðalþjónustuskristofa Al-Anon,
Pósthólf 687, 121 Reykjavík,
Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17,
inngangur A, 5. hæð,
Sími: 551-9282

veffang: <http://www.al-anon.is>
netfang: al-anon@al-anon.is

vefslóð: Alheimþjónustuskristofunnar (WSO):
<http://www.al-anon.alateen.org>

Starfsemi Al-Anon/Alateen er eingöngu fjármögnuð með frjálsum framlögum félaganna og sölu á ráðstefnusamþykktu lesefni.

Þessi bæklingur er fáanlegur á frönsku, ensku, *íslensku*, ítölsku, portúgölsku og spænsku.

Titill á frummáli: **Why Conference Approved Literature P-35**

Öll réttindi áskilin. Þennan bækling má ekki afrita með neinum hætti, vista inn í kerfi þar sem unnt er að sækja hann eða senda áfram, á nokkru formi eða með nokkurri aðferð (rafrænni, vélrænni, með ljósritun, upptöku eða á annan hátt), án þess að fyrir liggi skriflegt leyfi útgefanda.

© Al-Anon Family Group Headquarters, Inc. 1972
þýtt úr útgáfu frá árinu 1999
© Al-Anon á Íslandi
1. Útgáfa á íslensku 2004



Samþykkt af
Alþjóðþjónusturáðstefnu
Al-Anon fjölskyldudeilda

P-35

Hvers vegna ráðstefnu- samþykkt lesefni?

Fyrir
Al-Anon
og Alateen

Þ j ó n u s t a

⁵ General Service Office